

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 11. nóvember 2021
UST202110-099/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hamar land 2- Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hamar land 2 í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir byggingu tveggja allt að 200 m² íbúðarhúsa, tveimur allt að 800 m² reið- og vélarskemma ásamt fjórum allt að 50 m² gestahúsum.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti¹ Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins m.a. votlendisvistgerðirnar starungsmýravist og runnamýravist² sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þess bendir stofnunin á að eitt að markmiðum aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftlagsmálum³ er að vernda votlendi.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.⁴

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi votlendisvistgerða svæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <http://vistgerdakort.ni.is/>

² <http://www.ni.is/greinar/runnamyravist-a-laglendi>

³ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

⁴ <http://www.ni.is/greinar/starungsmyravist>

